# Atvinnuauglýsingar

## með tilliti til kyns, uppruna og fötlunar



# Atvinnuauglýsingar

- Öll laus störf ber að auglýsa á opinberum vettvangi
  - vefsvæði um laus störf hjá Reykjavíkurborg
  - www.reykjavik.is/storf

- Af hverju að auglýsa?
  - Samkeppnissjónarmið
  - Jafnræðissjónarmið

- Undantekningar frá auglýsingaskyldu
  - tímabundin störf

# Hvað þarf að koma fram í auglýsingu?

1. Starfsheiti og/eða eftir atvikum stutt starfslýsing
2. Menntunar- og hæfniskröfur
3. Starfshlutfall ef ekki er um fullt starf að ræða
4. Viðkomandi kjarasamningur og ef við á önnur starfskjör
5. Hver veitir nánari upplýsingar um starfið
6. Hvert umsókn á að berast
7. Hvenær starfsmaður skuli hefja starf
8. Hvort umsókn eigi að vera á sérstöku formi og hvar sé þá hægt að nálgast það
9. Kröfur um gögn sem eiga að fylgja umsókn, ef einhver eru
10. Umsóknarfrestur, sem er að jafnaði 14 dagar

*þetta þarf að lágmarki að koma fram

# Hæfniskröfur í auglýsingu

- Gegna lykilhlutverki þegar kemur að ráðningu
- skilyrtar vs. æskilegar hæfniskröfur
- huglægar vs. hlutlægar kröfur

- Lögbundnar hæfniskröfur
  – hjúkrun, umönnun o.fl.
  – kennarar og leikskólakennarar

# Uppruni og fötlun

Einstaklingar með skerta starfsgetu:

- Verið er að auka ráðningar einstaklinga með skerta starfsgetu

Einstaklingar af erlendum uppruna

- tungumálaviðmið

# Jafnari kynjahlutföll - tilraunaverkefni

Úr jafnréttislögum:

Í 1. mgr. 24. gr. laganna er lagt almennt bann við mismunun á grundvelli kyns en í 2. mgr. segir síðan að sértækar aðgerðir teljist þó ekki ganga gegn lögunum. Sértækar aðgerðir eru skýrðar í lögunum sem sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu eða auka möguleika kvenna eða karla í því skyni að koma á jafnri stöðu kynjanna á ákveðnu sviði þar sem á annað kynið hallar og að þar geti þurft tímabundið að veita öðru kyninu forgang til að ná jafnvægi.

Í 26. gr. laganna er lagt bann við mismunun í starfi og við ráðningu og samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins er atvinnurekendum óheimilt að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að óskað sé eftir starfsmanni af öðru kyninu fremur en hinu. Síðar í sömu málsgrein segir að framangreind regla gildi ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og að þá skuli sá tilgangur koma fram í auglýsingunni.

# Jafnari kynjahlutföll - tilraunaverkefni

- Tilraunaverkefnis um jafnari kynjahlutföll á þremur starfsstöðum Reykjavíkurborgar
  - Kvistaborg
  - Sorphirðan
  - Þjónustuver
- Auglýst eftir öðru kyninu
- Breytingar á orðalagi auglýsinga
- Fræðsla

# TAKK FYRIR